

Ed.

111. Nefndarálit

[48. mál]

um frv. til l. um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt. Megintilgangur þess og annarra þeirra aðgerða í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem jafnframt eru boðaðar af núverandi ríkisstjórn, er sá að skerða kaupgetu íslenskra launamanna og lækka þannig lífsstig mikils meiri hluta þjóðarinnar. Aðferðir þær, sem skv. þessu frv. á að beita til þess að ná þessu markmiði, eru í höfuðatriðum þessar:

1. Gengisfelling, sem leiðir af sér meðalhækkun alls selds gjaldeyris um 66%, þegar frá hafa verið dregin niðurfelld yfirfærslugjöld, og í kjölfar hennar stórfelld hækkun farmgjalda og hvers konar dreifingarkostnaðar að viðbætti nýrri skattheimtu til ríkissjóðs, sem nemur a. m. k. 400 millj. kr.
2. Vextir verða hækkaðir stórlega eða um allt að 50% og með þeim hætti dregið úr hvers konar framkvæmdum, mannvirkjagerð, byggingu íbúðarhúsa, stofnun atvinnufyrirtækja, jafnframt því sem öllum atvinnurekstri eru bundnir þungir fjótrar um fætur.

Í þeim tilgangi að gera vaxtahækkunina sem virkasta er svo gripið til þess, auk þess sem bankavextir verða hækkaðir, að heimila ríkisstjórninni að breyta með einföldum tilskipunum og að vild sinni gildandi löggjöf um alla lánasjóði atvinnuveganna svo og lögum um byggingarsjóð sveitabæja, byggingarsjóð ríkisins og byggingarsjóð verkamanna. Um þetta fjallar 32. gr. frv.

Þessi frumvarpsgrein er ekki aðeins hættuleg atvinnuvegunum og byggingarframkvæmdum í landinu, heldur er með henni upp tekin gerræðisfull aðferð til breytinga á lögum, aðferð, sem á enga stoð í þingræðisvenjum.

3. Útlán banka, hvort heldur er til rekstrar atvinnuveganna eða framkvæmda, eiga að standa í stað eða minnka, enda þótt hin gífurlega verðlagshækkun krefjist hundruð milljóna aukins rekstrarfjár, ef ætlað er til, að atvinnuvegirnir verði reknir hindrunarlaust. Ekki er annað sýnilegt en þessi yfirlýsta ákvörðun þjóði heim algerrri stöðvun í ýmsum greinum og hindri með öllu eðlilega og nauðsynlega aukningu framleiðslunnar.

4. Með ákvæðum 23. gr. frv. á að lögfesta bann við því, að verkamenn, sjómenn og aðrir launamenn geti eða megi semja við atvinnurekendur um verðlagsuppbætur á laun eða nokkra aðra vernd gegn því gífurlega flóði dýrtíðar og verðbólgu, sem óhjákvæmilega skellur yfir vegna framangreindra aðgerða. Þetta bann á að tryggja það, að verðhækkanirnar jafngildi hreinni kauplækkun.

En lögfesting þessa banns gegn greiðslu verðlagsuppbótar á laun er ekki aðeins bein eða einangruð hagsmunaskerðing, heldur einnig og ekki síður alvarlegasta árás á grundvallarréttindi verkálýðshreyfingarinnar og allra skjólstæðinga hennar, sem gerð hefur verið um langan aldur. Með slíku banni og ógild-

ingu lögmætra samninga eru launamenn sviptir mannréttindum, sem ósamboðið er nokkurri ríkisstjórn í lýðfrjálsu landi að skerða eða skemma, mannréttindum, sem verkalýðshreyfingin getur ekki þolað að séu afnumin, hvorki með lögum né ólögum.

Með slíku gerræði, sem bannið gegn samningum um verðlagsbætur er, er farið út á þá braut, sem enginn fær séð fyrir, út í hvert óefni leiðir, ef ekki er þegar spyrnt við fótum. Næsta skrefið gæti orðið að banna aðrar kauphækkningar eða jafnvel ráðskast með kaupjald með tilskipunum. Og að því kann að vera stefnt með þeirri eðlisbreytingu, sem nú er gerð á hinum miklu niðurgreiðslum á ýmsum vörutegundum.

Skv. 28. gr. frv. er ríkisstjórninni heimilað að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru eða þjónustu, og er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslurnar geti numið allt að 302.9 millj. kr. skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi. Niðurgreiðslur þessar hætta nú að hafa nokkur áhrif á kaupgjaldið. Þótt dregið sé úr þeim eða þær felldar niður, breytist kaup ekki. Við núverandi aðstæður jafngildir 28. gr. frv. því, að ríkisstjórnin hafi vald til að breyta raunverulegu kaupgjaldi með tilskipunum.

5. Frv. og efnahagsaðgerðirnar í heild fela í sér sérstaka og hættulega árás á atvinnulíf sjávarþorpanna og kaupstaðanna víða um land og allra þeirra, sem þar byggja afkomu sína á sjávarútvegi, auk þess sem sérstaklega er að því stefnt að hindra eðlilegar og nauðsynlegar framkvæmdir og atvinnuuppbyggingu.

Lánsfjárhöft og lögbundið okur koma alveg sérstaklega hart niður á atvinnuvegunum í þeim landshlutum þar sem einkaaudmagnið er að mestu eða öllu flúið af hólmi. Vaxandi athafnalíf á Norður-, Vestur- og Austurlandi hefur á undanförunum árum einvörðungu byggt á framtaki bæjarfélaganna, almennings og félitilla athafnamanna og margvíslegri aðstoð ríkisvaldsins. Alla opinbera aðstoð við atvinnuuppbygginguna á nú að skerða eða stöðva, en jafnframt að seilast ránshendi að því takmarkaða sparifé, sem til verður í þessum byggðarlögum. Afleiðing þessa getur sú ein orðið að stöðva atvinnuuppbygginguna.

Að smáútgerðinni, sem víða er undirstaðan að afkomu sjávarbyggðanna, er sérstaklega vegið með afnámi þeirra sérstöku bóta, sem veittar hafa verið til þess að jafna aðstöðu hennar miðað við annan útveg. Með þessum hætti verður fyrir því séð, að fiskverð til smáútvegsmanna stórlækkar þrátt fyrir hinn gifurlega aukna útgerðarkostnað, sem af gengisfellingunni leiðir. Kann þetta að leiða til algerrar stöðvunar á veiðum á sumum árstímum, en a. m. k. til stórfelldrar kjaraskerðingar hjá fiskimönnum umfram aðra.

Í kjölfar hinnar minnkuðu kaupgetu og framkvæmdagetu atvinnuveganna hyggst ríkisstjórnin geta minnkað vöruinnflutning til landsins niður í 960 millj. kr. á þessu ári, eða um 207 millj. kr. frá því, sem hann varð 1958. Hefur hún látið hagfræðinga sína gera áætlun um þetta. Gert er t. d. ráð fyrir, að innflutningur byggingarefnis lækki um 35 millj. kr., en það svarar til gjaldeyriskostnaðar við 500—800 íbúðir, og enn fremur, að innflutningur rekstrarvara sjávarútvegs og landbúnaðar minnki um 7—8% þrátt fyrir hina miklu aukningu, sem orðin er á fiskiskipastólum, og þar af leiðandi mjög aukna þörf rekstrarvara. Sannar þetta, að ríkisstjórnin stefnir vitandi vits að og reiknar með stórfelldum atvinnulegum samdrætti, rekstrarstöðvunum og atvinnuleysi, en í því er hættulegasta kjaraskerðingin fólgin og um leið geigvænleg hætta á því, að framleiðslan minnki og þjóðarbúið verði ófært um að standa undir skuldbindingum sínum gagnvart öðrum þjóðum.

Í heild er frv. stríðsyfirlýsing á hendur verkalýðshreyfingunni, hótun um það að eyðileggja árangur af áratuga baráttu hennar fyrir atvinnuuppbyggingu, mannréttindum og bættum lífskjörum. Slíkri stríðsyfirlýsingu getur verkalýðshreyfingin ekki svarað nema á einn veg, þann að hindra, að þessi hótun geti orðið að staðreynd í lífi íslenzkrar alþýðu. Mótmælum hennar rignir nú yfir hv. Alþingi, eins og nokkur

meðfylgjandi sýnishorn af samþykktum, flestum eða öllum einróma gerðum, sanna. Ég vara við að hafa þessi mótmæli að engu.

Um einstök atriði þessa máls, sem hér hafa ekki verið rakin, vísa ég til hins ýtarlega nál. 2. minni hl. fjárhagsnefndar neðri deildar (Einars Olgeirssonar).

Alþingi, 17. febr. 1960.

Björn Jónsson.

Fylgiskjal.

Samþykktir verkalyðsfélaga o. fl.

1. Alþýðusamband Íslands.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur verið beðin umsagnar um frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Miðstjórnin hefur nú kynnt sér frumvarpið og rætt það á fundi sínum — og leggur eindregið til, að það verði fellt.

Rök miðstjórnar A. S. Í. fyrir þessari afstöðu eru m. a. þessi:

1. Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, er sammingsbundinn réttur launþega til hækkandi kaups í vaxandi dýrtíð samkvæmt vísitölu afnuminn með lagaboði.
2. Allir viðurkenna, að mikil verðhækkunaralda skelli yfir þjóðina á næstu vikum og mánuðum vegna þeirrar stórkostlegu gengislækkunar, sem í frumvarpinu er ákveðin, og margra annarra ákvæða frumvarpsins.
3. Þegar launastéttunum er ætlað að bera allar verðhækkanir bóttalaust, jafngildir það mikilli kauplækkun, enda mundi kaup íslenskra verkamanna vera orðið miklu lægra en stéttarbræðra þeirra í nálægum löndum eftir gengislækkunina.
4. Réttmæti slíkrar kjaraskerðingar verður ekki varið, þar sem kaup verkafólks er nú þegar svo lágt, að illgerlegt verður að teljast, að hægt sé að framfleyta meðal-fjölskyldu á tekjum 8 stunda vinnudags.
5. Enn ranglátari er þó slík árás á lífskjör launastéttanna nú, þegar þess er gætt, að þjóðartekjurnar hafa vaxið á seinustu árum og fyllstu rök mæla því með hækkandi launum.
6. Mjög alvarlegum augum lítur miðstjórnin einnig á þau ákvæði frumvarpsins, sem miða að samdrætti atvinnu og framkvæmda í landinu. — Þar koma beinar afleiðingar gengislækkunarinnar fyrst til greina. Verðhækkun byggingarefnis mun t. d. strax draga úr byggingarstarfsemi í landinu og torvelda kaup og öflun atvinnutækja. Hækkaðir vextir auka samdrátt atvinnulífsins enn meir. Og svo er smiðshöggvið rekið á stöðvunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum með lánabanni því, sem sett er á bankana, þegar allur atvinnurekstur hlýtur að krefjast aukins lánsfjár, ef ekki á að leiða til mikils afturkipps og samdráttar.

Fær miðstjórnin ekki annað séð en að með þessu sé atvinnuleysinu — geigvænlegasta ógnvaldi alþýðuheimilanna — boðið í bæinn, áður en langt um líður.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi Íslendinga að fella þetta skaðræðisfrumvarp og heitir á alla meðlimi samtakanna að sameinast í baráttunni, sem nú hlýtur að hefjast gegn afleiðingum þess, en fyrir bættum lífskjörum hins vinnandi manns.

2. Verkamannafélagið Dagsbrún.

Trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar telur, að frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, er nú liggur fyrir Alþingi, feli í sér stórfellda árás á lífskjör verkamanna.

Með hinni fyrirhuguðu gengislækkun er hleypt af stað nýju dýrtíðarflóði með skefjalausum verðhækkunum, en jafnframt er afnuminn með lagaboði sammingsbundinn réttur verkafólks til dýrtíðaruppbótar á launin samkvæmt vísitölu.

Þetta jafngildir stórfelldri kauplækkun, þar sem verkafólki er ætlað að bera úr bótum sama kaup í krónutölu þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir.

Til viðbótar þeirri árás á lífskjörin, sem í þessu er fólgin, miðar sú stefna, sem í frumvarpinu er mörkuð, ef framkvæmd verður, að stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu og hlýtur að leiða til minnkandi atvinnu og atvinnuleysis og þar af leiðandi til stórlækkaðra tekna alþýðuheimilanna. Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar mótmælir því harðlega frumvarpinu og varar eindregið við afleiðingum þess og skorar á Alþingi að fella það.

Verði frumvarpið að lögum, skorar trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar á alla alþýðu í landinu, til sjávar og sveita, að fylkja sér til einhuga baráttu gegn afleiðingum laganna.

3. Verkamannafélagið Hlíf.

Fundur í stjórn V.m.f. Hlíf, 14. febr. 1960, lýsir andstöðu sinni við frumvarpið í heild, þar sem í því felast stórfelldar kjaraskerðingar og ráðstafanir, sem líklegt er, að leiða muni til samdráttar og atvinnuleysis. Afnam greiðslu dýrtíðaruppbótar á laun eftir kaupgjaldsvisitölu er árás á eitt mikilsverðasta atriði, sem verkalýðshreyfingin hefur knúið fram í samningum við atvinnurekendur, og með afnámi kaupgreiðslu samkvæmt kaupgjaldsvisitölu er verið að svipta verkamenn, sem aðra launþega, þeirri einu tryggingu, sem þeir hafa haft á því að fá kaup í samræmi við verðlag nauðsynjavöru, eins og það er á hverjunni tíma, og um leið er afnuminn öruggasti hemillinn á ríkisvaldið um að halda vöruverðinu niðri.

4. Landssamband vörubifreiðastjóra.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Landssambands vörubifreiðastjóra lýsir yfir eindreginni andstöðu við efnahagsmálafrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, og þá ekki hvað sízt þau ákvæði frumvarpsins, sem snerta rekstrarliði í útgerð vörubifreiða.

Samkvæmt athugun munu þær hækkunir, sem af nefndu frumvarpi leiðir, ef að lögum verður, og snerta rekstrargrundvöll atvinnutækja sambandsmeðlima hækka um ca. 30%. Svo sem ljóst má vera, mun slík hækkun útgerðarkostnaðar óhjákvæmilega rýra mjög alvarlega atvinnulega afkomu stéttarinnar.

Þá vill stjórn og trúnaðarmannaráð L. V. eindregið mótmæla 135% álagningu á innfluttar vörubifreiðar, sbr. 16. gr. laga um efnahagsmál, þar sem með því er verið að skattleggja atvinnutæki vörubílstjórastéttarinnar sérstaklega umfram annan innflutning.

Jafnframt varar stjórn og trúnaðarmannaráð L. V. mjög alvarlega við öllum fyrirætlunum af hálfu ríkisvaldsins til hækkunar útlánsvaxta, því að auk þess sem slík ráðstöfun mundi fyrir stétt bifreiðastjóra við öflun nýrra atvinnutækja þýða beina tekjurýrnun, þar sem kaupverð bifreiðarinnar er ekki lagt til grundvallar við kaupútreikning, gera stéttinni með öllu ókleift að endurnýja atvinnutæki sín, þar sem séð er, að auk vaxtahækkanna og fyrrgreindrar nýrrar álagningar muni innkaupsverð vörubifreiða stórhækka sökum gengislækkunarinnar, sem aftur mun leiða af sér stórminnkandi framkvæmdir.

5. Ályktun allra forustumanna verkalýðsfélaganna á Akureyri.

Fundur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri og stjórn verkalýðsfélaganna í bænum, haldinn 12. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi. Fundurinn litur svo á, að ráðstafanir þessar feli í sér stórfelldari kjaraskerðingu en dæmi þekkist um áður hér á landi og valdi auk þess miklum samdrætti í atvinnulífinu, sem aftur leiðir af sér atvinnuleysi. Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framangreint frumvarp, en taka þess í stað upp stefnu áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og batnandi lífskjara allrar þjóðarinnar.

6. Iðja, félag verksmiðjufólks, Akureyri.

Aðalfundur Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, haldinn 31. janúar 1960, lítur svo á, að að kaup verkafólks sé það lágt miðað við verðlag, að ekki komi til mála að skerða launakjörin frá því, sem nú er. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem miðuðu að því að rýra kjör verkafólks.

7. Alþýðusamband Norðurlands.

Fundur stjórnar Alþýðusambands Norðurlands telur, að núgildandi laun fyrir átta stunda vinnu á dag séu ófullnægjandi tekjur fyrir meðalfjölskyldu, en allt verkafólk, sem á þess kost, hefur brugðizt við þeim vanda með því að leggja á sig miklu lengri vinnudag, þannig að átta stunda vinnudagur er ekki lengur til í framkvæmd víða á landinu. Verkalýðssamtökin verða því á ný að taka upp baráttu fyrir því, að átta stunda vinnudagur verði almennt viðurkenndur og það ekki aðeins í orði, heldur einnig framkvæmd, þannig að launin fyrir átta stundir nægi til þess að veita viðhlitandi lífskjör.

Fundurinn bendir á, að franleiðsla þjóðarinnar og þjóðartekjur hafa um langt skeið farið hraðvaxandi, mikils verið aflað af nýjum atvinnutækjum, tækni við fiskveiðar stóraukizt og landhelgin stækkuð. Allt vekur þetta vonir um áframhaldandi framfarir og bendir ákveðið til þess, að hægt sé að bæta lífskjörin. Fundurinn telur því, að ekki finnist rök fyrir aðgerðum stjórnarvaldanna, sem leiði til samdráttar í atvinnulífínu og versnandi afkomu vinnustéttanna og mundu óhjákvæmilega leiða til ófriðar við verkalýðssamtök landsins. Fundurinn leyfir sér því að vara ráðamenn þjóðfélagsins við því að stofna nú til slíks ófagnaðar, en heitir jafnframt á allan verkalýð landsins að standa sem einn maður vörð um kjör sín og réttindi, hvenær sem á þarf að halda.

8. Verkakvennafélagið Eining, Akureyri.

Aðalfundur Verkakvennafélagsins Einingar, haldinn á Akureyri 7. febr. 1960, lýsir yfir eindreginni andstöðu við frumvarp það um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi, og skorar á alþingismenn að fella frumvarpið og hvaða annað frumvarp, sem fram kynni að koma og boðaði hliðstæðar árásir á lífskjör verkafólks. Fari hins vegar svo, mót von fundarins, að frumvarp þetta verði að lögum, heitir fundurinn á öll verkalýðsfélög landsins að taka höndum saman um að hrinda þeirri árás á lífskjör alþýðustéttanna og berjast jákvæðri baráttu fyrir því, að alþýðan hljóti þann hlut, sem henni ber af sívaxandi þjóðartekjum.

9. Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar.

Fundur Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, haldinn 7. febr. 1960, lítur svo á, að frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem nú liggur fyrir Alþingi, sé sú stórkostlegasta árás, sem gerð hefur verið á lífskjör alþýðunnar um áratugaskeið. Fyrir því heitir fundurinn á Alþýðusamband Íslands og öll verkalýðsfélög landsins og öll önnur samtök alþýðunnar að sameinast um verndun lífskjaranna og sameiginlega sókn að því marki, að verkalýðurinn hljóti þann hlut, sem honum réttilega ber af þjóðartekjunum.

Fundurinn telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni valda auk beinnar stórfelldrar kjaraskerðingar hættulegum samdrætti í atvinnulífi landsmanna, stöðva eðlilega þróun atvinnuveganna og hindra um árabíl frekari framleiðsluaukningu, sem svo mun valda því, að höfuðvágstur alþýðuheimilanna, atvinnuleysið, mun aftur halda innreið sína í landið. Fundurinn bendir á þá staðreynd, að þjóðartekjurnar hafi vaxið mikið síðustu árin. Sú upphæð, sem þjóðin hefur haft til að skipta á milli þegnanna, hefur vaxið, en á sama tíma hefur sá hluti, sem til verkalýðsins kom, minnkað. Það er því skoðun fundarins, að nú beri

að auka kaupmátt launanna, en ekki rýra hann. Fundurinn skorar því á hið háa Alþingi að fella framangreint frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, en taka þess í stað upp stefnu, sem miði að áframhaldandi atvinnuuppbyggingu og bættum kjörum alls almennings. Jafnframt vitir fundurinn það ábyrgðarleysi, að ábyrgir aðilar, þ. á m. ráðherrar, skuli í blekkingarskyni reyna að telja landsmönnum trú um, að sú kjaraskerðing, sem nú er boðuð, nemi aðeins 3%, þegar augljóst er af efni frumvarpsins, að kjaraskerðingin verður margfalt meiri, án þess að tekið sé tillit til þess samdráttar, sem verður í atvinnulífínu og valda mun geigvænlegri kjaraskerðingu en svo, að reiknað verði í prósentum.

10. Iðnnemasamband Íslands.

Iðnnemasamband Íslands mótmælir harðlega þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem leiðir af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og kemur harðast niður á þeim, sem lægst hafa launin. Ástæða er til að vekja athygli á því, að þær bætur, sem ríkisstjórnin í frumvarpi sínu ætlar þeim, sem verst þola kjaraskerðinguna, ná ekki til iðnnema, og þar sem iðnnemar hafa aðeins hluta af kaupum sveina, þá bitnar kjaraskerðingin verr á þeim en öðrum launþegum. Það er vitað mál, að iðnnemar geta ekki lifað af launum sínum einum saman nú fyrir gengislækkunina. Allt bendir því til þess, að næstum ómögulegt muni reynast fyrir ungt fólk að hefja iðnnám í framtíðinni, og miklar líkur fyrir því, að iðnnemar verði annaðhvort að hætta námi eða stofna sér í stórar skuldir. Þessu mótmælir Iðnnemasamband Íslands og varar eindregið við afleiðingum af þessu, ef fram nær að ganga.

11. Sveitarstjórnarfundur í Skútustaðahreppi.

Almennur sveitarfundur í Skútustaðahreppi, haldinn í Skjólbrekku 4. febr. 1960, mótmælir harðlega fyrirhuguðum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, en í þeim felst yfir 100% gengislækkun, aukinn söluskattur, svo að hundruðum milljóna skiptir, hækkun vaxta o. s. frv.

Fundurinn litur svo á, að þar sem framleiðsla þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri, sem er afleiðing aukinnar tækni og framfara, hefði hagur bænda, verkamanna, sjómanna og alls vinnandi fólks átt að batna stórlega. Með þessum fyrirhuguðu efnahagsaðgerðum verða kjör almennings hins vegar svo freklega skert, að varla eru dæmi til. Fundurinn álitur enn fremur, að sú skerðing á kaupgetu almennings í bæjunum, sem af aðgerðum þessum leiðir, muni óhjákvæmilega draga úr kaupum landbúnaðarframleiðslu, og bitna ráðstafanir þessar því margfaldlega á stétt bænda.

Fundurinn átelur harðlega þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við undirbúning efnahagsaðgerða þessara að hafa engin samráð við fjölmennustu hagsmunasamtök landsmanna, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. Álitur fundurinn, að ýmsar aðrar leiðir hefðu verið færar til lausnar efnahagsmálunum, sem ekki hefðu rýrt kjör almennings eins freklega eða aukið dýrtíð, sem nóg var fyrir, en slíkt munu ráðstafanir þessar óhjákvæmilega gera.

Skorar fundurinn eindregið á hið háa Alþingi að fella framkomið frumvarp ríkisstjórnarinnar um gengislækkun og fleira.

12. Verkalýðsfélag Stykkishólms.

Fundur í trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Stykkishólms, haldinn 14. febr. 1960, samþykkir að mótmæla frumvarpi því um efnahagsmál, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi, þar sem sjáanlegt er, að það mun valda mikilli kjaraskerðingu hjá öllum launastéttum landsins, ef að lögum verður.

Þá vill fundurinn benda á, að ákvæði 23. gr. frumvarpsins um afnám dýrtíðaruppbótar samkvæmt vísitölu afnema mjög mikilvæg réttindi allra launþega.

13. Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi.

Í sem stytztu máli sagt telur stjórn Bjarma, að frumvarpið, ef að lögum yrði, mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér stórfellda lífskjaraskerðingu allrar alþýðu manna. Í kjölfar slíkrar lagasetningar kæmi áreiðanlega stórfelldur samdráttur í atvinnulífi landsmanna, og hinn gamli vágestur alþýðuheimilanna, atvinnuleysið, mundi aftur verða fylginautur verkafólksins.

Stjórn Bjarma telur, að verkalýðshreyfingin hljóti öll að beita sér með sam- einuðum mætti til varnar því, að slíkt verði hlutskipti alþýðunnar. Með vaxandi þjóðartekjum, aukinni tækni og framförum í atvinnulífi landsmanna væri hægt að skapa alþýðunni blómleg og batnandi lífskjör. Því verður að hindra það með hverjum tiltækum ráðum, að sú stefna verði upp tekin í efnahagsmálum Íslendinga, sem leiðir til atvinnuleysis og fátæktar, eins og þetta frumvarp, ef að lögum yrði, mundi óhjákvæmilega gera.

Um 23. gr. frumvarpsins vill stjórnin segja þetta:

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því að draga mjög úr líkunum fyrir nokkrum alvarlegum aðgerðum ríkisvaldsins til þess að hafa taumhald á verðbólgunni og jafnframt kippt í burtu því öryggi, sem verkafólkið átti þó í því að fá hækkandi kaup með hækkandi verðlagi lífsnauðsynja, þótt að vísu kæmi alltaf á eftir og oft væri fljótlega eyðilaggt með nýjum verðbólguaðgerðum, en var þó þrátt fyrir allt nokkurt öryggi í afkomumálum verkafólksins.

Verkalýðshreyfingin hlýtur því alveg sérstaklega að fordæma þessi gerræðis- fullu ákvæði frumvarpsins, sem beint er stefnt að því að þrengja kosti hins vinnandi fólks og hefta frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna.

Stjórn Bjarma mótmælir mjög ákveðið frumvarpinu í heild sem stórfelldri árás á lífskjör alþýðunnar og telur, að enginn alþingismaður, sem telja vill sig fulltrúa vinnustéttanna í þjóðfélaginu, geti léð því atkvæði sitt.

14. Verkalýðsfélagið Stjarnan.

Fjölmennur fundur í Verkalýðsfélaginu Stjarnan, haldinn 14. febr., skorar á Alþingi Íslendinga að fella án tafar frumvarp ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Verði frumvarp þetta að lögum, áskilur verkalýðsfélagið sér fullan rétt til róttækra aðgerða, og jafnframt skorar verkalýðsfélagið á heildarsamtök verkalýðsins að standa vörð um rétt íslenzkrar alþýðu og fella ríkisstjórnina.

15. Félag blikksmiða.

Fundur í trúnaðarmannaráði Félags blikksmiða, haldinn 8. febr. 1960 að Þórs- götu 1, mótmælir kjaraskerðingu þeirri, er koma skal, ef efnahagsfrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, verður samþykkt.

16. Starfsstúlknafélagið Sókn.

Fundur í stjórn og trúnaðarráði Starfsstúlknafélagsins Sóknar, haldinn 12. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um gengisfellingu íslenzku krónunnar og fyrirhuguðum ráðagerðum í efnahagsmálum, sem mundu skerða kjör vinnandi fólks í landinu.

Fundurinn bendir á, að hlutur launþega í vaxandi þjóðartekjum hefur orðið hlutfallslega minni hin síðari árin og eigi þeir því kröfu á betri kjörum miðað við þjóðartekjurnar.

Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framkomið frumvarp um gengisskráningu o. fl. og gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem miða að því að rýra kjör vinnandi fólks.

Fundurinn skorar jafnframt á verkalýðssamtökin að svara öllum fyrirætlunum um kjaraskerðingu með eindreginni og öflugri samstöðu um verndun lífskjaranna.

17. Verkalýðsfélag Þórshafnar.

Almennur félagsfundur í Verkalýðsfélagi Þórshafnar, haldinn 14. febr. 1960, lýsir andstöðu sinni við framkomu efnahagsmálafrumvarps ríkisstjórnarinnar. Telur fundurinn frumvarpið svo gallað, að ekki verði við unað. Fundurinn telur, að launakjör verkafólks séu það lág, að ekki komi til mála að skerða þau, eins og frumvarp þetta virðist stefna að. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja ekki frumvarp þetta, fyrr en raunhæfar umbætur hafa verið á því gerðar, með viðtækari samvinnu þingflokka og stéttarféлага um land allt.

18. Félag afgreiðslustúlkna.

Fundur í stjórn A. S. B. — Félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkursölu-búðum — haldinn 6. febr. 1960, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um gengisfellingu íslensku krónunnar og fyrirhuguðum aðgerðum í efnahagsmálum, sem munu rýra stórlega kjör alls vinnandi fólks í landinu.

Fundurinn bendir á, að hlutur launþega í vaxandi þjóðartekjum hefur orðið hlutfallslega minni hin síðari ár og eiga þeir því kröfu á betri kjörum miðað við þjóðartekjur.

Fundurinn skorar því á Alþingi að fella framkomið frumvarp um gengisskráningu o. fl. og gera engar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem miða að því að rýra kjör verkafólks.

Fundurinn skorar jafnframt á verkalýðssamtökin að svara öllum fyrirætlunum um kjaraskerðingu með eindreginni og öflugri samstöðu um verndun lífskjaranna.

19. Starfsmannafélag Kópavogs.

Fundur í Starfsmannafélagi Kópavogs, haldinn laugardaginn 13. febr. 1960, mótmælir harðlega efnahagsmálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og telur það leiða til aukinnar verðbólgu, dýrtíðar og kjaraskerðingar, auk samdráttar atvinnulífsins í landinu, sem orsakar minnkandi kaupgetu hvers vinnandi manns.

Um 23. gr. frumvarpsins vill fundurinn eindregið mótmæla afnámi vísitölu á kaup og telur, að með afnámi vísitölunnar sé tekið af launþegum það eina öryggi, sem þeir hafa haft gegn dýrtíðarflóði og vaxandi verðbólgu.